

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar - sumarhúsa- og skógræktarlóða - í landi Steðja í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar samþykkti þann 7. apríl 2006 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Steðja í Hörgárbyggð frá 17. september 2003.

Breytingin felst í því að lóðum fyrir frístundahús við götur A, B og C er fjölgað um samtals 10 og eru nýju lóðirnar á bilinu 2.385 til 3.296 m². Við breytinguna minnkar sameiginlegt svæði. Samkvæmt byggingaskilmálum frá 17. september 2003 er heimilt að reisa eitt frístundahús á hverri lóð af stærðinni 35-80 m².

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgárbyggð, 6. júní 2006.

Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2006